

65. ára



Óháði söfnuðurinn

# Safnaðarfréttir

30. árg. 1. tbl. ágúst 2015

## Óháði söfnuðurinn 65 ára.

Í febrúar 2015 varð Óháði söfnuðurinn 65 ára. Þess var minnst með hátíðarguðspjónustu þann 22. febrúar. Séra Karl Sigurbjörnsson biskup prédikaði. Hann sagði frá því að hann hefði verið vígður til Vestmannaeyja í þessari kirkju í febrúar 1973. Þá stóð yfir gos í Heimaey og bauð Óháði söfnuðurinn eyjamönnum afnot af kirkjunni á meðan á þyrfti að halda.

Gissur Páll Gissurarson söng í athöfninni. Að lokinni messu var veislukaffi. Var haft að orði að við þessa athöfn hefði lavaxið fólk verið í stórum hlutverkum. Minnsti prestur, minnsti tenór og minnsti meðhjálpari.

Undanfarin ár hafa verið miklar framkvæmdir við kirkjuna. Þeim framkvæmdum er ekki lokið og hefur heilbrigðiseftirlitið gert nokkrar athugasemdir við húsið. Það þarf að bregðast við þeim. Brunaeftirlitið gerði einnig þá kröfu að sett yrðu leiðbeiningaljós við allar útgönguleiðir. Allt þetta kostar peninga og komum við til með að leita til ykkar með valgreiðslum í heimabanka ykkar kærú safnaðarfélagar í ár eins og undanfarin ár.

Auðvitað er ykkur í sjálfsvald sett hvort þið greiðið kröfurnar. Það er engin kvöð en margt smátt gerir eitt stórt og hjálpar okkur að viðhalda fallegu kirkjunni okkar.

Einnig er hægt að leggja inn á reikning framkvæmdarsjóðs kirkjunnar í Arion banka.

Númerið er: **0327-26-490269 kt.490269-2749** og er allur stuðningur vel þeginn.



### Orð Sérans:

*Lífið er eins og rjómaísinn.  
Nóttu þess á meðan þú  
getur áður en það  
rennur út.*

**Guðspjónustur**  
annan og fjórða  
sunnudag mánaðarins  
barnastarf á sama tíma

# Frá gjaldkera

Kæru safnaðarmeðlimir.

Í ár eru liðin 100 ár frá fæðingu sr. Emils Björnssonar fyrsta prests Óháða safnaðarins og mun söfnuðurinn heiðra minningu hans í messu í september. Þar verður hans minnst í tali og tónum og safnaðargestum boðið upp á veglegt kaffi eftir messu. Eftir kosningar í fríkirkjusöfnuðinum árið 1950 þar sem Emil beið ósigur stofnuðu fylgjendur hans Óháða Söfnuðinn. Sr. Emil var prestur safnaðarins í rúm 30 ár, hann var mjög farsæll prestur, flutti góðar ræður og kom með ýmsar nýjungar í safnaðarstarf almennt t.d. aðventukvöldin. Mér er heiður að segja það að hann bæði skírði mig og fermdi. En að öðru, 19. ágúst n.k. verður svo hin árlega grillveisla safnaðarins í Guðmundarlundi í Kópavogi þar sem boðið verður upp á grillaðar pylsur, gos og kaffi, þessi viðburður hefur verið vel sóttur á undanförunum árum og verður svo vonandi áfram. Undanfarin 3 ár höfum við sent út svokallaðar valgreiðslur til safnaðarfólks og hefur fólk vægast sagt brugðist mjög vel við eins og sést í kirkjuhúsinu okkar sem er nánast eins og nýtt. Söfnuðurinn stendur vel fjárhagslega en það kostar mikið að reka kirkju svo vel sé. Í sumar er stefnt að því að mála kirkjuna að utan, skipta um ofna og



dúka í félagsheimilinu þess vegna sendum við þessar greiðslur enn út til ykkar þetta árið með von um að þið bregðist eins vel við og áður því án þessarra greiðslna hefði þetta ekki verið framkvæmanlegt. Kærar þakkir fyrir allan þennan stuðning. Að lokum langar mig að þakka stjórninni, sr. Pétri og öðru starfsfólki fyrir frábært starf á liðnum árum, einnig óska ég öllum safnaðarmeðlimum velfarnaðar og Guðs blessunar um komandi framtíð.


*Bestu kveður  
Valdimar Ingi Þórarinsson  
Gjaldkeri Óháða Safnaðarins*

# KÓSÍ á ferðalagi

Föstudaginn 1. maí síðastliðinn lögðu félagar í kór Óháða safnaðarins (KÓSÍ) í ferð austur fyrir fjall. Fyrsti viðkomustaður okkar var Sólheimar í Grímsnesi. Við sungum þar nokkur lög fyrir og með heimamönnum. Var það mjög ánægjuleg stund. Þá lá leið okkar að Hellu þar sem við komum okkur fyrir á Stracta hóteli, borðuðum þar kvöldmat og gistum. Daginn eftir lá leið okkar að Odda á Rangárvöllum þar sem séra Guðbjörg Arnardóttir tók á móti okkur og sagði frá kirkjunni. Á leið að næsta stað var gert örstutt stopp við Urriðafoss. Að Forsæti (III) í Flóa skoðuðum við tréskurðarlist Ólafs Sigurjónssonar og listaverk eftir fleiri sveitunga hans. Það var gaman að skoða fallegu smíðisgripina hans, gömlu munina, hannyrðirnar og ekki síst myndirnar. Við komum næst í rjómabúið að Baugsstöðum. Á Stokkseyri heimsóttum við Björgvin Tómasson orgelsmið. Hann fræddi okkur um orgelsmiði og sýndi okkur 200 ára orgel. Árni Heiðar spilaði á orgelið og var það ólíkt því að spila á orgel nútímans. Í Hveragerði komum við til hjónanna Jóhanns Gunnarssonar og Eddu Þorkelsdóttur. Jóhann hefur smíðað orgel úr afgangum og fékk Árni Heiðar að spila á það og við sungum. Var tekið á móti okkur af mikilli gestrisni. Síðasti viðkomustaður okkar var Fákasel. Þar borðuðum við kvöldverð og



horfðum á hestaballettsýningu. Að lokinni sýningunni var heimferð. Þessi ferð okkar var hin ánægjulegasta og er ástæða til að þakka Arnlaugi og Kristni fyrir skipulagninguna. Það er skemmtilegt fólk í kórnum og gaman að vera með þeim leik og starfi. Það er möguleiki að bæta við fólki í nokkrar raddir. Stjórnandi kórsins er Árni Heiðar Karlsson sími 863 8381 ef fólk hefur áhuga að syngja með okkur.



## Leiga á safnaðarheimilinu

Safnaðarheimilið er á tveimur hæðum með sæti fyrir 55 manns á hvorri hæð.

Ef þú hefur áhuga á að leigja það fyrir fermingar, skírnarveislur eða hvað eina þá endilega hafðu samband við Fanneyju Einarsdóttur kirkjuvörð. Gsm: 663-3505, email fe@hive.is



## Viðtalstími safnaðarprests

Viðtalstími safnaðarprests er í safnaðarheimili Óháðu kirkjunnar – Kirkjubæ á mánu- dögum milli kl. 18 og 19, svo og eftir samkomulagi.

Sími í kirkjunni er 551-0999. Heimasími safnaðarprests er 552-2652 og farsíminn, ráprausið er 860-1955. Netfangið, rafröflið er afdjoflun@tv.is og heimasíðan er ohadisofnudurinn.is

## Myndir úr safnaðarstarfi



## Aðalfundur

Á aðalfundi 26. apríl voru kosnir í stjórn safnaðahrins. Formaður Eiður Haraldsson, gjaldkeri Valdimar Ingi Þórarinnsson, ritari Guðlaug Björnsdóttir voru endurkjörin. Meðstjórnendur eru Sigurjón Ívarsson, Örn Zebitz, Helga Hansdóttir, Anna Sigríður Hjaltadóttir, Ómar Örn Pálsson og Guðjón Pétur Ólafsson. Laufey

Waage, Guðrún Halla Benjamínsdóttir og Þuríður Pálsdóttir gáfu ekki kost á sér til starfa og var þeim þakkað fyrir störf sín í stjórn. Bjarni Jónsson og Ragnar K. Kristjánsson voru endur kjörnir skoðunarmenn reikninga. Hannes Guðrúnarson var kosinn vara- maður.

## Fjölskylduferðin í Guðmundarlund 2015

Hautstarfið hefst með fjölskylduferðinni í Guðmundarlund. Fjölskylduferðin er miðvikudaginn 19. ágúst og hefst kl. 18:00. Að venju verða veitingar í boði safnaðarins, grillaðar pylsur og drykkir fyrir stóra sem smáa. Séra Pétur stjórnar fjöldasöng og hægt er að fara í ýmsa leiki á flötinni ásamt því að skoða hinn fallega Hermannslund sem er með hundruðum tegunda af fjölærum garðagróðri og runnum. Allir eru hvattir til að mæta með stórfjölskylduna og vini til að skemmta sér í fallegu umhverfi og góðra vina hópi. Sjá nánar á heimasíðunni okkar ásamt leiðbeiningum um hvernig á að finna lundinn góða.



Myndir frá fjölskylduferðinni 2014



## Starfsskrá haustmíssis 2015

19. ágúst	kl. 18:00	Fjölskylduferð í Guðmundarlund. <i>Sjá heimahöfn safnaðarins.</i>
23. ágúst	kl. 20:00	Guðsþjónusta og maul eftir messu.
13. sept.	kl. 14:00	Tónlistarmessa, barnastarf og maul eftir messu.
27. sept.	kl. 14:00	Afmælismessa <i>Minnst 100 ára afmælis Emils Björnssonar fyrsta safnaðarprests Óháða safnaðarins.</i>
11. okt.	kl. 14:00	Kirkjudagurinn, Töfrabrogð Fjölskyldu guðsþjónusta. <i>Kaffisala kórsins eftir messu.</i>
25. okt.	kl. 14:00	Jazzmessa, barnastarf og maul eftir messu.
1. nóv.	kl. 14:00	Samvera aldraðra í kirkjunni.
8. nóv.	kl. 14:00	Guðsþjónusta, barnastarf og maul eftir messu.
22. nóv.	kl. 14:00	Guðsþjónusta, barnastarf og maul eftir messu.
6. des.	kl. 20:00	Aðventukvöld - Endurkomukvöld - <i>Kaffi og smakk á smákökunum.</i>
24. des.	kl. 18:00	Aftansöngur á aðfangadagskvöldi.
25. des.	kl. 14:00	Hátíðarguðsþjónusta á jóladegi.
31. des.	kl. 18:00	Aftansöngur á gamlaárskvöldi.


## Starfsskrá vormíssis 2016

10. jan.	kl. 14:00	Guðsþjónusta, barnastarf og maul eftir messu.
24. jan.	kl. 14:00	Tregatrúartónlistarmessa/ Barnastarf. Maul eftir messu.
14. feb.	kl. 14:00	Guðsþjónusta, barnastarf og maul eftir messu.
28. feb.	kl. 14:00	Guðsþjónusta, barnastarf og maul eftir messu.
13. mars	kl. 14:00	Fjölskylduguðsþjónusta - töfrabrogð. <i>Veglegar kaffiveitingar.</i>
20. mars	kl. 14:00	Fermingarguðsþjónusta, barnastarf.
25. mars	kl. 20:30	Kvöldvaka á föstudaginn langa.
27. mars	kl. 08:00	Páskadagsmorgunn - Ballettjóning. <i>Heitar brauðbollur og súkkulaði.</i>
10. apríl	kl. 14:00	Fermingarguðsþjónusta, barnastarf.
24. apríl	kl. 14:00	Tilraunamessa / Barnastarf / Maul eftir messu. <i>Aðalfundur safnaðarins eftir messu.</i>
8. maí	kl. 14:00	Guðsþjónusta, barnastarf. <i>Viðamikill viðurgerningur eftir messu.</i>
16. maí	kl. 20:00	Kvöldmessa á annan í hvítasunnu. Maul eftir messu.
22. maí	kl. 14:00	Jazzmessa / Maul eftir messu.
11. júní	kl. 9:00	Gönguguðsþjónusta. <i>Athugið breyttan messutíma og dag.</i>
12. júní	kl. 11:00	Lesmessa.
26. júní	kl. 11:00	Gúllasguðsþjónusta.



### Tólf spörin - andlegt ferðalag

Fyrsti kynningarfundur verður haldinn fimmtudaginn 3. sept kl. 19:30 í kirkjunni okkar. Næstu þrjú fundir verða opnir öllum - best er að mæta á alla opnu fundina. Upplýsingar gefur Gunnar í síma. **663-4395**. Sjá nánar á [viniribata.is](http://viniribata.is).



## TÖLUR ÚR SAFNAÐARSTARFI

Skírnir.....	36
Fermingar.....	9
Hjónavígslur.....	12
Jarðarfarir.....	11
Öskuker.....	6
Skilnaðarvottorð.....	6
Meðaltalsfjöldi kirkjugesta í guðsþjónustum.....	62
Fjöldi altarisgesta.....	446
Safnaðarfélagar.....	3348

## Nýr dyravörður



Nú á vordögum tók nýr dyravörður til starfa í stað Guðrúnar Höllu Benjáminsdóttur sem gengt hefur því starfi í mörg ár. Hún ætlar að taka sér frí í einhvern tíma og þökkum við henni fyrir óeigingjarnt starf í þágu kirkjunnar. Nýi dyravörðurinn heitir Ólafur Kristjánsson og bjóðum við hann velkominn.